

# FJARVINNSLUVERKEFNI MINJASTOFNUNAR Á DJÚPAVOGI



Á síðasta ári veitti Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra verkefnastyrki vegna fjarvinnslustöðva, á grundvelli stefnumótandi byggðaráætlunar fyrir árin 2018-2024. Markmið slíkra framlaga var annars vegar að koma opinberum gögnum á starfrænt form og hins vegar að fjölga atvinnutækifærum á landsbyggðinni. Verkefni á vegum Minjastofnunar Íslands var eitt af fjórum verkefnum sem styrkt voru að þessu sinni. Fékkst styrkur upp á 21 milljón en verkefnið sem styrkt var felur í sér smíði gagnagrunns fyrir minningarmörk og skráningu minningarmarka í þann grunn en samstarfsaðilar Minjastofnunar eru Djúpavogshreppur og Austurbrú.


Minningarmark er samheiti yfir þau verk sem finnast innan kirkjugarða og reist eru til minningar um einstakling sem þar er grafinn. Heimildargildi minningarmarka er mikið en þau eru meðal annars samtímaheimild sem geta gefa veigamiklar upplýsingar um gildismat þeirra sem þau reisa auk þess að gefa vísbendingar um t.d. erlend menningaráhrif og verslunartengsl. Að geta komið þeim gögnum sem nú þegar eru til staðar yfir á stafrænt form er því mikilvægt og þarft verkefni. Smíði gagnagrunnsins er langt komin en grunnurinn er gerður af fyrirtæki Guðmundu Báru Emilsdóttur sem kemur frá Djúpavogi. Í janúar var auglýst eftir starfsfólki á Djúpavogi til að færa gögnin inn í þennan nýja gagnagrunn. Alls sóttu þrjár um starfið og af þeim hefur Hera Líf Liljudóttir verið ráðin til verksins og mun hún hefja störf í apríl.

Minjastofnun er þakklát fyrir styrkinn og gleðst yfir því að hægt verði að koma þessu mikilvæga verkefni á veg og um leið taka þátt í að fjölga atvinnutækifærum á landsbyggðinni.

# Edrúlífið 2019

## Djúpavogskirkja

27. apríl kl. 13:00



Saga Nazari



Bergsveinn Arilíusson

Reynslusögur um líf án áfengis

Edrúlífið gefur gestum innsýn í líf fólks sem opnar sig um sína reynslu og þekkingu.





Allir velkomnir

Aðgangur ókeypis  
Aldursstakmark 14 ára  
og eldri (árið gildir)